




RAUCH
wir nehmen's genau

NOTENDAHANDBÓK



Lesið gaumgæfilega áður en vélin er tekin í notkun!

Geymið fyrir síðari notkun þessi notenda- og samsetningarhandbók fylgir vélinni. Söluaðilar nýrra og notaðra véla skulu staðfesta skriflega að notenda- og samsetningarhandbókin hafi fylgt vélinni til viðskiptavinar.

QUANTRON-Guide

Þýðing notendahandbókar úr frummáli

5902858-**b**-is-0215

Formáli

Kæri viðskiptavinur.

Við þökkum auðsýnt traust við kaup á **stjórn tölvunni QUANTRON-Guide** fyrir áburðardreifarana AXIS og MDS. Kærar þakkir! Þú munt ekki verða fyrir vonbrigðum með þessa öfluggu og áreiðanlegu **stjórn tölvu**. Ef svo ólíklega vill til að vandamál komi upp er þjónustudeild okkar ávallt til þjónustu reiðubúin.



Vinsamlegast lesið þessa notendahandbók og notendahandbók vélarinnar gaumgæfilega áður en búnaðurinn er tekinn í notkun og fylgið leiðbeiningunum.

Í handbókinni kann einnig að vera fjallað um búnað sem fylgir ekki með **stjórn tölvunni**.

Eins og notendum er kunnugt um er ekki hægt að fara fram á bætur í ábyrgð vegna tjóns sem rekja má til mistaka við notkun eða óviðeigandi notkunar.

ATHUGIÐ

Gætið að raðnúmeri stjórn tölvunnar og vélarinnar.

Stjórn tölvun **QUANTRON-Guide** er kvörðuð í verksmiðju fyrir þyrildreifarann fyrir steinefnaáburð sem hún fylgir með. Ekki er hægt að tengja hana við aðra vél nema að hún sé fyrst endurkvörðuð.

Skráið raðnúmer stjórn tölvunnar og vélarinnar hér. Athuga verður þessi númer þegar stjórn tölvun er tengd við vélina.

Raðnúmer stjórn tölvu:

Raðnúmer þyrildreifara fyrir steinefnaáburð:

Framleiðsluár:

Tæknilegar endurbætur

Við leitumst stöðugt við að bæta vörur okkar. Af þessum sökum áskiljum okkur rétt til að bæta og breyta vörum okkar fyrirvaralaust án fyrirheits um að gera sömu bætur eða breytingar á seldum vélum.

Okkur er ánægja að svara nánari spurningum.

Með kærri kveðju,

RAUCH

Landmaschinenfabrik GmbH

Formáli

1	Upplýsingar fyrir notendur	1
1.1	Um þessa notendahandbók.	1
1.2	Upplýsingar um framsetningu	1
1.2.1	Leiðbeiningar	1
1.2.2	Upptalning	1
1.2.3	Tilvísanir.	1
1.2.4	Skipulag valmynda, hnappar og notkun valmynda.	2
2	Uppbygging og virkni	3
2.1	Yfirlit yfir þyrildreifara fyrir steinefnaáburð sem eru studdir	3
2.2	Yfirlit yfir samhæfar stjórnölvur	3
2.3	Uppbygging stjórnölvunnar QUANTRON-Guide.	4
2.4	Stjórnæki.	5
2.4.1	Yfirlit	5
2.4.2	Aðgerðahnappar	6
2.4.3	Flettihjól	6
2.5	Skjár.	7
2.6	Yfirlit yfir tákni sem eru notuð.	8
3	Uppsetning	9
3.1	Kröfur til dráttarvélar	9
3.2	Tengi, innstungur.	9
3.2.1	Tenging við rafmagn	9
3.3	QUANTRON-Guide tengd	10
4	Notkun QUANTRON-Guide	13
4.1	Kveikt á stjórnölvunni	13
4.2	Vélarstillingar	14
4.2.1	Ný vél búin til	15
4.2.2	Stillingum véla breytt	16
4.2.3	Hlutabreiddir stilltar (aðeins á AXIS)	17
4.2.4	Vélarsnið virkjað.	18
4.3	Aðalvalmynd QUANTRON-Guide	19
4.4	OptiPoint-stillingar yfirfærðar (aðeins á AXIS).	21
4.5	Leiðsögn	23
4.5.1	Spilda búin til	23
4.5.2	Dreifing með GPS-Control	25
4.6	Minni	28
4.6.1	Spildugögn vistuð.	28
4.6.2	Spildugögnum hlaðið	29
4.6.3	Spildugögnum eytt	29
4.7	Upplýsingar	29
4.8	Staðsetning GPS-móttakara vistuð	30

5	Viðvörðunardeild og mögulegar orsakir	33
5.1	Merking viðvörðunardeilda.....	33
5.2	Bilun/viðvörðun.....	34
5.2.1	Viðvörðunardeild staðfest.....	34

Ábyrgð **A**

Atriðisorðaskrá

1 Upplýsingar fyrir notendur

1.1 Um þessa notendahandbók

Þessi notendahandbók **fylgir með** stjórnölvunni.

Notendahandbókin hefur að geyma mikilvægar upplýsingar um **örugga, rétta** og hagkvæma **notkun** og **viðhald** á stjórnölvunni. Fara skal eftir því sem fram kemur í notendahandbókinni til að **forðast hættu**, draga úr viðgerðakostnaði og bilanatíma, sem og til að auka áreiðanleika og endingu vélarinnar sem stjórnölvun stýrir.

Geyma skal notendahandbókina innan seilingar á notkunarstað stjórnölvunnar (t.d. í dráttarvélinni).

Notendahandbókin leysir rekstraraðila og stjórnendur stjórnölvunnar **ekki undan ábyrgð sinni**.

1.2 Upplýsingar um framsetningu

1.2.1 Leiðbeiningar

Aðgerðir sem stjórnendur eiga að framkvæma eru settar fram í númeraröð.

1. Leiðbeiningar um skref 1
2. Leiðbeiningar um skref 2

Leiðbeiningar sem fela aðeins í sér eitt skref eru ekki tölusettar. Það sama á við þegar ekki skiptir máli í hvaða röð aðgerðir eru framkvæmdar.

Hjá þessum leiðbeiningum stendur áherslupunktur:

- Leiðbeiningar

1.2.2 Upptalning

Upptalningar á atriðum sem eru ekki í tiltekinni röð eru settar fram sem listi með upptalningarpunktum (stig 1) og strikum (strik 2):

- Eiginleiki A
 - Atriði A
 - Atriði B
- Eiginleiki B

1.2.3 Tilvísanir

Þegar vísað er í aðra staði í skjalinu er það sett fram með númeri liðar, yfirskrift og blaðsíðutali:

- **Dæmi:** Sjá einnig kafla [3: Öryggi, bls. 5](#).

Þegar vísað er í önnur skjöl er það gert með ábendingum eða leiðbeiningum án þess að tilgreina kafla eða blaðsíðutal:

- **Dæmi:** Fara skal eftir því sem fram kemur í notendahandbók frá framleiðanda drifskafitsins.

1.2.4 Skipulag valmynda, hnappar og notkun valmynda

Í valmyndunum eru **undirvalmyndir eða valmyndaratriði** þar sem hægt er að velja og breyta stillingum (vallistar, innsláttur á texta og tölum, ræsing aðgerða).

Valmyndir og aðgerðahnappar eru með **feitletrun**:

- Dæmi: **Aðalvalmynd** opnuð.

Skipulagið og slóðin að tilteknu valmyndaratriði eru auðkennd með > (ör) milli valmyndarinnar, undirvalmyndarinnar og valmyndaratriðanna:

- **Stillingar > Almennar** þýðir að farið er í valmyndaratriðið **Almennar** í gegnum valmyndina **Stillingar**.
 - Örin > jafngildir því að **flettihjólið** sé notað.

2 Uppbygging og virkni


2.1 Yfirlit yfir þyrildreifara fyrir steinefnaáburð sem eru studdir

Aðgerð/valkostir	AXIS	MDS
Dreifing eftir aksturshraða	<ul style="list-style-type: none"> ● AXIS-M 20.1 Q ● AXIS-M 30.1 Q ● AXIS-M 40.1 Q 	<ul style="list-style-type: none"> ● MDS 10.1 Q ● MDS 11.1 Q ● MDS 12.1 Q ● MDS 17.1 Q ● MDS 19.1 Q
Álagsnemar	<ul style="list-style-type: none"> ● AXIS-M 30.1 W ● AXIS-M 40.1 W ● AXIS-M 50.1 W 	
4 hlutabreiddarþrep (VariSpread4)	<ul style="list-style-type: none"> ● AXIS-M 30.1 W ● AXIS-M 40.1 W 	
8 hlutabreiddarþrep (VariSpread8)	<ul style="list-style-type: none"> ● AXIS-M 50.1 W 	

2.2 Yfirlit yfir samhæfar stjórnölvur

Gerð	QUANTRON-A	QUANTRON-E	QUANTRON-E2
frá og með hugbúnaðarútgáfu:	2.00.00	3.51.00	2.20.00

2.3 Uppbygging stjórn tölvunnar QUANTRON-Guide




Mynd 2.1: Stjórn tölvunnar QUANTRON-Guide

Nr.	Heiti	Virkni
1	USB-tengi með loki	Fyrir gagnaflutning og til að uppfæra tölvuna. Lokið sér til þess að óhreinindi berist ekki inn í tengið.
2	Tækisfesting	Til að festa stjórn tölvuna við dráttarvélina.
3	Stjórnborð	Samanstendur af snertihnöppum til að stjórna tækinu og skjá til að sýna vinnslumyndir.
4	Gagnatengi V24	Raðtengi (RS232) með LH 5000- og ASD-samskiptareglum sem hentar fyrir Y-RS232-snúru til tengingar við aðra stjórnstöð. Innstunga (DIN 9684-1/ISO 11786) til að tengja sjö á átta pinna snúru fyrir hraðaskynjara.
5	Tenging við rafmagn	Þriggja pinna innstunga samkvæmt DIN 9680 / ISO 12369 til að tengja tækið við rafmagn.
6	GPS-móttakari	Níu pinna innstunga til að tengja GPS-móttakara við QUANTRON-Guide.

2.4 Stjórn tæki

2.4.1 Yfirlit



Mynd 2.2: Stjórnborð á framhlið QUANTRON-Guide

Nr.	Heiti	Virkni
1	Flettihjól	Til að fara á milli valmynda á fljótlegan hátt og til að færa inn eða breyta upplýsingum í innsláttarreitum.
2	Aðgerðahnappur	Til að velja aðgerðirnar sem birtast við hliðina á aðgerðahnappinum á skjánum.
3	Valmyndarhnappur	Sýnir valmyndirnar sem standa til boða: „Service“, „Task Manager“ og „Track Leader“
4	Stjórnhnappur	Engin virkni
5	Stjórnhnappur	Engin virkni
6	Stjórnhnappur	Engin virkni
7	Kveikja/slökkva	Til að kveikja/slökkva á tækinu
8	Skjár	Sýnir vinnslumyndir

2.4.2 Aðgerðahnappar

Vinstra og hægra megin við skjá stjórn tölvunnar QUANTRON-Guide eru tvær lóðréttar raðir sem hvor um sig samanstendur af sex aðgerðahnöppum.

Virkni aðgerðahnappanna fer eftir valmyndinni hverju sinni. Aðgerðir eru framkvæmdar með því að ýta á aðgerðahnappinn við hliðina á táknuinu.

Ef ekki er tákni við hliðina á aðgerðahnappi gegnir hann **engu** hlutverki í viðkomandi valmynd.

2.4.3 Flettihjól

Flettihjólið er notað til að fara á milli valmynda á fljótlegan hátt og til að færa inn eða breyta upplýsingum í innsláttarreitum.

- Flettihjólinu er snúið til að fara á milli svæða sem hægt er að velja.
- Ýtt er á flettihjólið til að staðfesta valið.

2.5 Skjár

Skjárinn sýnir nýjustu stöðuupplýsingar, val- og innsláttarmöguleika á stjórn tölvunni QUANTRON-Guide.


Helstu upplýsingar um notkun þyrildreifarans fyrir steinefnaáburð koma fram í **vinnslumyndunum** og undirvalmyndum þeirra.

Lýsing á vinnslumyndinni

ATHUGIÐ

Það hvað kemur fram á vinnslumyndinni fer eftir því hvaða stillingar eru valdar hverju sinni.

- Frekari upplýsingar og birtingarmöguleika er að finna í upprunalegu notkunarleiðbeiningunum frá Müller-Elektronik.
- Upprunalegu notkunarleiðbeiningarnar fylgja með. Ef þær eru ekki til taks skal snúa sér til söluaðila.



Mynd 2.3: Síða 1 í QUANTRON-Guide

- [1] Síðuhásk
- [2] Staðsetning dráttarvélar og vélar
- [3] Aðgerðahnappar
- [4] Staða GPS-merkis
- [5] Vinnslumáti

2.6 Yfirlit yfir tákn sem eru notuð

Stjórn tölvun QUANTRON-Guide sýnir tákn fyrir aðgerðir á skjánum.

Tákn	Merking
	Aftur í næstu skjámynd á undan
	Áfram
	Vista: Vista spildugögn á USB-lykli
	Hlaða: Flytja spildugögn inn af USB-lykli
	Reikna út spildujaðar
	Sjálfstýring/handstýring
	Sýna allan reitinn
	Þrívíddarmynd
	Tvívíddarmynd
	Búa til slóða
	Greina hindrun
	Kvarða GPS-merki

3 Uppsetning

3.1 Kröfur til dráttarvélar


Áður en stjórnölvan er sett upp skal ganga úr skugga um að dráttarvélin uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- **12 V** lágmarksspenna verður **ávallt** að vera fyrir hendi, einnig þegar fleiri en eitt raftæki er tengt samtímis (t.d. loftkæling og ljós).
- Þriggja pinna rafmagnsinnstunga (DIN 9680/ISO 12369) er á dráttarvélinni.

3.2 Tenging innstungur

3.2.1 Tenging við rafmagn

Með þriggja pinna rafmagnsinnstungunni (DIN 9680/ISO 12369) fær QUANTRON-Guide rafmagn frá dráttarvélinni.



Mynd 3.1: Pinnar á rafmagnsinnstungu

- [1] Pinni 1: Er ekki notaður
- [2] Pinni 2: (15/30): +12 V
- [3] Pinni 3: (31): Jörð

3.3 QUANTRON-Guide tengd

Tengið stjórn tölvuna QUANTRON-Guide við áburðardreifarann, sjá [„Yfirlit yfir tengingu“ á bls. 11.](#)

Framkvæmið eftirfarandi atriði í þessari röð.

- Veljið hentugan stað í ökumannshúsi dráttarvélarinnar (**innan sjónsviðs ökumanns**) til að festa QUANTRON-Guide við.
- Festið QUANTRON-Guide með **tækisfestingunni** í ökumannshúsi dráttarvélarinnar.
- Tengjið rafmagnið frá dráttarvélinni við **tengi A** á stjórn tölvunni.
- Tengjið tengiskottssnúruna (RS232-tengið) við **tengi B** á stjórn tölvunni (QUANTRON-A/E/E2 og aksturshraðaskynjari).

ATHUGIÐ

Til þess að hægt sé að nota GPS Control-eiginleika QUANTRON-A/E/E2 þarf að virkja raðsamskipti í valmyndinni **Kerfi/prófun** í undirvalmyndinni **Gagnaflutningur** og undirvalmyndaratriðinu **GPS Control!**

▲ VARÚÐ




Skemmdir vegna skammhlaups

Ef kveikt er á stjórn tölvunni þegar GPS-móttakarinn er tengdur við hana getur hann orðið fyrir skemmdum.

- ▶ Þegar GPS-móttakarinn er tengdur verður að vera **slökkt** á stjórn tölvunni.
-

- Tengjið GPS-móttakarann við **tengi C** á stjórn tölvunni.

Yfirlit yfir tengingu:



Mynd 3.2: Yfirlit yfir tengingu

- [1] GPS-snúra og móttakari
- [2] Þriggja pinna innstunga samkvæmt DIN 9680 / ISO 12369
- [3] Rafgeymir
- [4] Y-snúra (þriggja pinna innstunga samkvæmt DIN 9680 / ISO 12369)
- [5] Rafmagnstenging QUANTRON-A/E/E2
- [6] Rafmagnstenging QUANTRON-Guide
- [7] Tengiskottssnúra (V24 RS232-tengi)
- [8] Sjö pinna innstunga samkvæmt DIN 9684
- [9] Y-snúra (V24 RS232-tengi)
- [10] 39 pinna vélarinnstunga
- [11] Hreyfiliði skömmtunarops vinstra/hægra megin

4 Notkun QUANTRON-Guide

ATHUGIÐ

Notendahandbókin lýsir virkni stjórnölvunnar fyrir eftirfarandi hugbúnaðarútgáfur:

- QUANTRON-Guide 04.10.04
- TRACK-Leader II 2.11.03

4.1 Kveikt á stjórnölvunni

Skilyrði:

- Stjórnölvun hefur verið tengd rétt við þyrildreifarann fyrir steinefnaáburð og dráttarvélina (sjá dæmi í kafla [3.3: QUANTRON-Guide tengd. bls. 10](#)).
- Tryggt er að spennan sé að minnsta kosti **12 V**.

1. Ýtið á **hnappinn til að KVEIKJA/SLÖKKVA**.

- ▷ Að nokkrum sekúndum liðnum birtist **upphafsskjámyndin** með því sem var notað síðast.



4.2 Vélarstillingar

Áður en byrjað er að dreifa skal tilgreina með hvaða þyrildreifara fyrir steinefnaáburð og hvaða stillingum á að vinna.

Í valmyndinni **Vélarlisti** eru færðar inn upplýsingar fyrir þyrildreifara fyrir steinefnaáburð sem er þegar fyrir hendi eða nýrri vél er bætt við.




1. Ýtið á **valmyndarhappinn** á stjórnölvunni.

▷ Þá opnast **aðalvalmyndin**.



Mynd 4.1: Aðalvalmynd QUANTRON-Guide

2. Opnið valmyndina **Serial Interface**.




Mynd 4.2: Valmyndin „Serial Interface“



3. Ýtið á aðgerðahnappinn **Stillingar**.

▷ Skjárinn sýnir lista yfir vistaðar vélar.



Mynd 4.3: Valmyndin „Vélalisti“

- [1] Listi yfir vistaða þyrildreifara fyrir steinefnaáburð
- [2] Aðgerðahnappur til að búa til nýja vél
- [3] Stillingar valinnar vélar
- [4] Virk vél (snið með grænum bakgrunni)

ATHUGIÐ

Engin gögn eru yfirfærð úr stjórn tölvunni QUANTRON-A/E2 yfir í stjórn tölvuna QUANTRON-Guide.

4.2.1 Ný vél búin til




1. Ýtið á aðgerðahnappinn **Ný vél**.

2. Gefið nýja sniðinu heiti.

▷ Nýja vélin er skráð á listann.

4.2.2 Stillingum véla breytt

1. Veljið vélarznið.
2. Ýtið á fletthjólið.



Mynd 4.4: Vélarznið

- [1] Virkjun vélarzniðs
- [2] Stilling hlutabreidda
- [3] Stillingafærslur
- [4] Heiti vélarzniðs

3. Athugið stillingar þyrildreifarans fyrir steinefnaáburð og breytið þeim eftir þörfum.

Í töflunni hér fyrir neðan eru taldir upp stillingamöguleikar fyrir RAUCH-vörur.

Valmynd	Lýsing
Vinnustilling	Óskgildi yfirfærð <ul style="list-style-type: none"> • Unnið með svæðakort Skipting hlutabreiddar <ul style="list-style-type: none"> • Unnið með eiginleikann Section-Control
Samskiptareglur	<ul style="list-style-type: none"> • LH 5000 (raðsamskipti, t.d. dreifing með svæðakortum) • ASD (unnið með SectionControl)
Gerð tækis	<ul style="list-style-type: none"> • Áburðardreifari (kg)
Flutningshraði í botum	<ul style="list-style-type: none"> • 19 200
Mál	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnslubreidd vélar: Stillt vinnslubreidd áburðardreifara færð inn. • Staðsetning GPS-móttakara, stillt á 0. Staðsetningin er sótt frá TECU.
Fjöldi hlutabreidda	<ul style="list-style-type: none"> • 8 • 4

4.2.3 Hlutabreiddir stilltar (aðeins á AXIS)

- Opnið valmyndina **Reikna út VariSpread** í stjórnölvunni QUANTRON-E2/A.


Fertiliser settings 4/4			
Calculate VariSpread			
Width (m)	drp.pt.	RPM	Applic. rate (%)
9.00	0.0	540	AUTO
7.50	0.0	540	AUTO
6.00	0.0	540	AUTO
4.50	0.0	540	AUTO
0.00	0.0	540	AUTO

Mynd 4.5: Útreikningur á VariSpread, dæmi með 8 hlutabreiddum og 18 m vinnslubreidd

- [1] Breytileg stilling hlutabreiddar
- [2] Forvalin stilling hlutabreiddar

- Fjarlægðir milli einstaka hlutabreidda eru reiknaðar út með eftirfarandi hætti.


- Fjarlægð milli hlutabreidda 1 og 8 = Hálf breidd - (mínus) fyrsta hlutabreidd
- Fjarlægð milli hlutabreidda 2 og 7 = Fyrsta hlutabreidd - (mínus) önnur hlutabreidd
- Fjarlægð milli hlutabreidda 3 og 6 = Önnur hlutabreidd - (mínus) þriðja hlutabreidd
- Fjarlægð milli hlutabreidda 4 og 5 = Þriðja hlutabreidd - (mínus) lokuð staða (0)



Mynd 4.6: Umreikningur hlutabreidda í fjarlægðum




- Ýtið á aðgerðahnappinn **Hlutabreidd** á stjórnölvunni QUANTRON-Guide.
- Færið inn reiknuð fjarlægðargildi í atriði [\[2\]](#).



Mynd 4.7: Stillingar hlutabreidda, dæmi með 8 hlutabreiddum og 18 m vinnslubreidd

- [1] Fjarlægðir milli ytri hlutabreidda vinstra megin
- [2] Breidd innri hlutabreidda á vinstri/hægri dreifingarhlið
- [3] Fjarlægðir milli ytri hlutabreidda hægra megin




Mynd 4.8: Skipting hlutabreidda á skjánum



5. Ýtið á hnappinn **Til baka**.
 - ▷ Skjárinn sýnir vélarsniðið,


4.2.4 Vélarsnið virkjað



1. Ýtið á **umferðarljósahnappinn** í vélarsniðinu.
 - ▷ Vélin hefur verið virkjuð.
2. Ýtið á **Til baka**.
 - ▷ Virka vélin er merkt með grænum lit. Sjá [Mynd 4.3](#), atriði [4].

4.3 Aðalvalmynd QUANTRON-Guide

1. Ýtið á valmyndarhappinn.
▷ Þá opnast aðalvalmyndin.
2. Opnið valmyndina Track-Leader.



Mynd 4.9: Skjámynd Track-Leader

ATHUGIÐ

Gæði GPS-merkisins geta verið mjög breytileg. Athugið gæði GPS-merkisins á stikunni í aðalvalmyndinni og/eða í vinnslumyndinni. Því fleiri strik sem eru blá, þeim mun betri eru gæði GPS-merkisins.


Nr.	Tákn	Merking	Lýsing
1	Leiðsögn	<ul style="list-style-type: none"> ● Umsjón með spildugögnum ● Ný spilda búin til 	bls. 23
2	Minni	Spildugögn eða svæðakort flutt inn/út með USB-lykli	bls. 28
3	Stillingar	Umsjón með eiginleikum (Section-Control) og stilling stjórnölvunnar QUANTRON-Guide (skjár, valmyndir)	bls. 20
4	Upplýsingar		bls. 29
5	GPS	Staða GPS-merkis	
6	Spilda	Heiti núverandi spildu	
7	Vél	Sýnir virkan þyrldreifara fyrir steinefnaáburð	

Section-Control virkjað

Áður en byrjað er á leiðsögn verður að ganga úr skugga um að eiginleikinn Section-Control sé virkur.



1. Opnið valmyndina **Stillingar > Almennar**.



Mynd 4.10: Section-Control virkjað

2. Opnið valmyndaratriðið **Section-Control**.
 3. Veljið stillinguna **já**.
- ▷ **Section-Control er virkt.**

4.4 OptiPoint-stillingar yfirfærðar (aðeins á AXIS)

Með eiginleikanum **OptiPoint** reiknar stjórn tölvun QUANTRON-E2/A út ákjósanlega fjarlægð til að kveikja eða slökkva **við enda spildu**.

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Reikna út OptiPoint** í stjórn tölvunni.
 - ▷ Fyrsta síðan í valmyndinni **Reikna út OptiPoint** birtist.

ATHUGIÐ

Kastlengd áburðarins sem er notaður kemur fram í dreifitöflu vélarinnar.

2. Færið inn kastlengdina úr meðfylgjandi dreifitöflu.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
 - ▷ Skjárinn sýnir aðra síðu valmyndarinnar.

ATHUGIÐ

Tilgreindur aksturshraði á við um aksturshraðann hjá skiptistöðunum!


4. Færið inn **miðlungs aksturshraða** hjá skiptistöðunum.
5. Ýtið á **OK**.
6. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
 - ▷ Skjárinn sýnir þriðju síðu valmyndarinnar.
7. Breytið gildunum eftir þörfum.
 - Sjá notendahandbók stjórn tölvunnar QUANTRON-E2 eða QUANTRON-A.
8. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
9. Merkið valmyndaratriðið **Samþykkja gildi**.
 - ▷ Á skjánum birtist valmyndin **GPS Control upplýsingar**.

GPS Control Info	
Vorgaben für Section Control Steuergerät	
Abstand (m)	-13.1
Verz. Ein (s)	0.0
Verz. Aus (s)	0.0
Länge (m)	2.4

Mynd 4.11: GPS-Control upplýsingar (dæmi QUANTRON-E2)



1. Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Leiðsögn** í stjórn tölvunni QUANTRON-Guide.
2. Færið inn gildið fyrir **Fjarlægð (m)** í atriðinu **Dreifibreidd**.
3. Færið inn gildið fyrir **Lengd (m)** í atriðinu **Vinnulengd**.



Mynd 4.12: Valmyndin „Leiðsögn“

ATHUGIÐ

Frekari leiðbeiningar um stillingar er að finna í meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum frá Müller Elektronik.

4.5 Leiðsögn

Í valmyndinni **Leiðsögn** eru sýndar færribreytur til að vinna með nýja eða fyrirbyggjandi spildu.


ATHUGIÐ

Þegar byrjað er á nýrri leiðsögn verður fyrst að eyða út spildugögnum sem kunna að vera fyrir hendi í biðminni stjórnölvunnar! Sjá kafla [4.6.3: Spildugögnum eytt. bls. 29.](#)

4.5.1 Spilda búin til



1. Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Leiðsögn**.



Mynd 4.13: Valmyndin „Leiðsögn“



2. Ýtið á aðgerðahnappinn **Ný**.

- ▷ Skjárinn sýnir vinnslumyndina.

ATHUGIÐ


Gæði GPS-merkisins geta verið mjög breytileg. Athugið gæði GPS-merkisins á stikunni í aðalvalmyndinni og/eða í vinnslumyndinni. Því fleiri strik sem eru blá, þeim mun betri eru gæði GPS-merkisins.

ATHUGIÐ

Aka verður í kringum spilduna í vinnslumátanum **MANU!**

3. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn á stjórnölvu áburðardreifarans (QUANTRON-A/E/E2).

- Akið í kringum alla spilduna með þyrildreifarann fyrir steinefnaáburð.
 - Stjórn tölvun QUANTRON-Guide greinir spilduþaðarinn.
- Ljúkið hringnum utan um spilduna á upphafsstaðnum.



Mynd 4.14: Skjámynd fyrir akstur í kringum spildu

- [1] Staðsetning þyrildreifara fyrir steinefnaáburð
- [2] Akstursslóði í kringum spildu
- [3] Styrkur GPS-merkis

ATHUGIÐ

Þegar lokið er við að aka í kringum spildu skal gæta þess að akstursslóðinn á skjánum myndi lokaðan hring!



- Ýtið á aðgerðahnappinn **Reikna út spilduþaðar** á stjórn tölvunni QUANTRON-Guide.

▷ Spilduþaðar eru sýndir með rauðum lit á skjánum.


4.5.2 Dreifing með GPS-Control



1. Ýtið á aðgerðahnappinn **AUTO/MANU** á stjórnþölvunni QUANTRON-Guide.
 - ▷ Stillt er á vinnslumátann **AUTO**.
2. Ýtið á aðgerðahnappinn **Start/Stop** á stjórnþölvunni QUANTRON-A/E/E2.

ATHUGIÐ

Til þess að hægt sé að nota GPS-Control-eiginleika stjórnþölvunnar QUANTRON-A/E/E2 þarf að virkja raðsamskipti í valmyndinni **Kerfi/prófun** í undirvalmyndinni **Gagnaflutningur** og undirvalmyndaratriðinu **GPS Control!**




Mynd 4.15: Skjámynd fyrir dreifingu á QUANTRON-Guide

- [1] Tækjastika
 [2] Flötur sem dreift hefur verið á

ATHUGIÐ

Skjámyndin fyrir dreifingu á skjá stjórnþölvunnar QUANTRON-Guide gefur ekki endilega raunhæfa mynd af dreifingu áburðar á spildunni!




Mynd 4.16: Skjámynd fyrir dreifingu á QUANTRON-A/E2

3. Byrjið að dreifa.

- ▷ Skömmtunarpín opnast og lokast sjálfkrafa.
- ▷ Stjórn tölvunnar QUANTRON-Guide sýnir stöðu skömmtunarpanna með mismunandi litum á tækjastikunni.
 - Blátt: Kveikt á hlutabreidd, skömmtunarpín opnast
 - Rautt: Slökkt á hlutabreidd, skömmtunarpín lokað
- ▷ Á skjá stjórn tölvunnar QUANTRON-A/E2 gefur tákn **A** við hliðina á dreifingarflögu til kynna að sjálfstýringin sé virk.

ATHUGIÐ

Til þess að dreifingin skili sem bestri niðurstöðu verður aksturshraði dráttarvélarinnar að vera sá sami og aksturshraðinn sem liggur til grundvallar á svæðinu þar sem er kveikt og slökkt á skömmtunarpunum!



Mynd 4.17: Staða til að kveikja og slökkva

- [A] Fjarlægð til að kveikja
- [B] Fjarlægð til að slökkva
- [C] Spildujaðar

4. Ýtið á aðgerðahnappinn **Start/Stop** á stjórn tölvunni QUANTRON-A/E/E2.
 - ▷ Dreifingunni er lokið.



5. Ýtið á aðgerðahnappinn **AUTO/MANU** á stjórn tölvunni QUANTRON-Guide.
 - ▷ Á skjánum er stillt af vinnslumátanum **AUTO** yfir á **MANU**.

4.6 Minni


Hægt er að vista öll gögn fyrir spildu sem vinna á með á USB-lykli:

- Spildujaðrar
- Viðmiðunarpunkturur
- Slóðar
- Hindranir
- Umferðir

Í valmyndinni **Minni** er hægt að vista þessi spildugögn, hlaða þeim og eyða.



1. Í aðalvalmyndinni skal velja atriðið **Minni**.



Mynd 4.18: Valmyndin „Minni“

4.6.1 Spildugögn vistuð

ATHUGIÐ

USB-lykill verður að vera í USB-tenginu! Sjá kafla [2.3: Uppbygging stjórn tölvunnar QUANTRON-Guide, bls. 4](#)



1. Aðgerðahnappurinn **Vista**.

▷ Innsláttargluggi fyrir texta opnast.

2. Færið inn heiti fyrir spilduskrána sem á að vista.

Innsláttur texta: Sjá upprunalegu notkunarleiðbeiningarnar frá Müller Elektronik.

▷ Gögnin eru vistuð á USB-lyklinum.

4.6.2 Spildugögnum hlaðið

ATHUGIÐ

USB-lykill verður að vera í USB-tenginu! Sjá kafla [2.3: Uppbygging stjórn tölvunnar QUANTRON-Guide, bls. 4](#)



1. Ýtið á aðgerðahnappinn **Hlaða** í valmyndinni **Minni**.
 - ▷ Þá opnast valgluggi með öllum vistuðum spildugögnum.
2. Veljið spildugögn.
 - ▷ Gögnunum er hlaðið af USB-lyklinum.
 - ▷ Spildan sem hlaðið var inn birtist í skjámyndinni „Minni“.

4.6.3 Spildugögnum eytt

Þegar spildugögnum er eytt er öllum upplýsingum eytt úr biðminni stjórn tölvunnar.

ATHUGIÐ

Eyða verður spildugögnum að lokinni dreifingu til þess að hægt sé að bæta við nýrri spildu.

Gagnatap!

Ekki er hægt að endurheimta spildugögn sem hefur verið eytt og skal því vista öll mikilvæg gögn áður en þeim er eytt!



1. Ýtið á aðgerðahnappinn **Eyða** í valmyndinni **Minni**.
 - ▷ Staðfestingargluggi opnast: Á örugglega að eyða gögnunum?
2. Staðfestið með **Já**.
 - ▷ Núverandi spildugögnum er eytt.

4.7 Upplýsingar

Í valmyndinni **Upplýsingar** eru færð inn gildi, virkjað og óvirkjað, eftir því sem þörf er á við notkun þyrildreifarans fyrir steinefnaáburð með stjórn tölvunni QUANTRON-Guide.

ATHUGIÐ


Sjá upprunalegar notkunarleiðbeiningar Müller-Elektronik fyrir TRACK-Leader.

4.8 Staðsetning GPS-móttakara vistuð

Staðsetning á dráttarvél ákvörðuð

Þegar GPS-móttakarinn hefur verið settur upp og tengdur þarf að færa inn nákvæma staðsetningu hans.

Til þess þarf að mæla fjarlægð GPS-móttakarans frá miðlínu og tengipunkti vélarinnar.



Mynd 4.19: Staðsetning GPS-móttakara

- [1] Miðlína vélar
- [2] GPS-móttakari
- [3] Tengipunktur dreifara
- [x] Fjarlægð frá tengipunkti
- [y] Hliðrun frá miðlínu

Hliðrun frá miðlínu (fjarlægð y)

- GPS-móttakarinn er settur upp hægra megin við miðlínuna
 - Færið inn jákvætt gildi
- GPS-móttakarinn er settur upp vinstra megin við miðlínuna
 - Færið inn neikvætt gildi



Fjarlægð frá tengipunkti (fjarlægð x)

- GPS-móttakarinn er framan við tengipunktinn í akstursátt
 - Færið inn jákvætt gildi
- GPS-móttakarinn er aftan við tengipunktinn í akstursátt
 - Færið inn neikvætt gildi



Fært inn í stjórn tölvunni

1. Ýtið á valmyndarhnappinn.
2. Opnið „Tractor ECU“.
3. Opnið ökutækjalistann og síðan ökutækissniðið.



4. Færið inn gildi.
- ▷ **Staðsetning GPS-móttakarans er vistuð í kerfinu.**

5 Viðvörðunardegið og mögulegar orsakir

Mismunandi viðvörðunardegið birtast á skjá stjórnstólunnar QUANTRON-Guide.

5.1 Merking viðvörðunardega

ATHUGIÐ


Þegar viðvörðunardegið birtast á stjórnstólunni skal hafa samband við söluaðila eða þjónustumiðstöð okkar.

Viðvörðunardegið á skjá	Möguleg orsök/ráðstöfun
ASD-LostAlive	Tengingin við QUANTRON-A/E/E2 rofin
GPS-merkið datt út	Tengingin við GPS-móttakarann rofnaði Engin GPS-móttaka

5.2 Bilun/viðvörðun

5.2.1 Viðvörðunardeild staðfest

Viðvörðunardeild eru auðkennd á skjánum og birtast með viðvörðunartákni.



Mynd 5.1: Viðvörðunardeild

1. Lagfærið það sem orsakaði viðvörðunardeildin.

Farið eftir því sem fram kemur í notkunarleiðbeiningum vélarinnar og í kafla [5.1: Merking viðvörðunardeilda, bls. 33](#).

2. Ýtið á hnappinn **Til baka**.

▷ **Viðvörðunardeildin hverfa af skjánum.**

ATHUGIÐ

Ef þér tekst ekki að leysa úr vandamálinu á eigin spýtur skaltu láta fagaðila lagfæra það.

Ábyrgð

RAUCH-tæki eru framleidd með nútímalegum aðferðum og samkvæmt ströngum gæðakröfum.

RAUCH veitir því 12 mánaða ábyrgð að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- Ábyrgðin tekur gildi á kaupdegi.
- Ábyrgðin tekur til efnis- eða framleiðslugalla. Fyrir vörur frá öðrum (vökvakerfi, rafkerfi) takmarkast ábyrgðin við ábyrgð viðkomandi framleiðanda. Á ábyrgðartíma verða framleiðslu- og efnisgallar bættir að kostnaðarlausu með viðgerð eða sendingu varahluta. Aðrar bætur, í formi breytinga, viðgerða eða skipta á sködduðum hlutum, sem ekki eru hluti sendrar vöru, eru útilokaðar. Þjónusta í ábyrgð er veitt af viðurkenndum verkstæðum, fulltrúum RAUCH eða verksmiðju.
- Undanskildar ábyrgð eru afleiðingar eðlilegs slits, óhreininda og tæringar og allar bilanir sem orsakast af óviðeigandi meðhöndlun eða ytri þáttum. Ef viðgerðir eða breytingar á upprunalegri vöru eru gerðar á eigin spýtur fellur ábyrgðin úr gildi. Ábyrgðin fellur úr gildi ef ekki eru notaðir upprunalegir varahlutir frá RAUCH. Fara skal eftir notendahandbókinni hvað þetta varðar. Ef vafi leikur á um eitthvað atriði skal leita til fulltrúa framleiðanda eða beint til verksmiðju. Ábyrgðarkröfu verður að setja fram innan 30 daga frá því að galli kemur fram. Gefa skal upp kaupdag og vélarnúmer. Ábyrgðarviðgerð má verkstæði aðeins hefja eftir að hafa ráðfært sig við RAUCH eða opinberan fulltrúa þess. Ábyrgðartími framlengist ekki þótt viðgerð í ábyrgð fari fram. Tjón af völdum flutninga er ekki framleiðslugalli og því ekki á ábyrgð framleiðanda.
- Ekki er hægt að fara fram á bætur vegna tjóns sem verður á öðru en RAUCH-tækjunum sjálfum. Jafnframt er ekki veitt ábyrgð vegna tjóns sem hlýst af mistökum við dreifingu. Breytingar sem gerðar eru á RAUCH-tækjum á eigin spýtur geta leitt til tjóns sem fellur ekki undir ábyrgð söluaðila. Útilokun ábyrgðar söluaðila gildir ekki ef um ásetning eða vítavert gáleysi eiganda eða yfirstjórnanda hjá söluaðila er að ræða sem og í þeim tilvikum þar sem lög um skaðsemisábyrgð mæla fyrir um að þegar um ágalla á afhentum hlut sé að ræða skuli ábyrgð ná yfir heilsutjón eða tjón á munum sem notaðir eru í eigin þágu. Útilokun ábyrgðar gildir heldur ekki ef eiginleika vantar sem ábyrgst hefur verið að yrðu fyrir hendi hafi slíkt verið ábyrgst í því skyni að verja þann sem pantar gegn tjóni sem ekki hefur orðið á afhenta hlutum sjálfum.

Atriðisorðaskrá

A

- Aðalvalmynd 19
- Aðgerðahnappur 6
 - AUTO/MANU 8
 - Hlutabreidd 17
 - Stillingar 15
 - Umferðarljós 18
 - Valmyndarhnappur 14

AXIS 3

F

Fletthjól 6

G

- GPS-Control
 - Fjarlægð kveikt 27
 - Fjarlægð slökkt 27
 - Upplýsingar 21

H

- Hlutabreidd 17–18
 - VariSpread 17

Hraði 21

M

- MDS 3
- Minni
 - Eyða 29
 - Spildugögn 28

O

OptiPoint 21

S

- Section-Control 20
- Serial Interface 14
- Skjár 7
 - Tákn 8

Spilda

- Búin til 23
- Leiðsögn 22–23
- Reikna út 24
- Spildujaðar 24

Stjórnölva

- Aðgerðahnappar 6
- Festing 10
- Fletthjól 6
- Kveikt 13
- Notkun 13–31
- Skjár 7
- Stjórnæki 5
- Uppbygging 3
- Uppsetning 9–11
- Yfirlit 3

T

- Tákn
 - Yfirlit 8

Track-Leader 19

U

Upplýsingar 29

V

- Valmynd
 - Notkun valmynda 2
- VariSpread 3, 17
- Vél
 - Hlutabreiddir stilltar 17
 - Listi 15
 - Snið 15, 18
 - Stillingar 15–16
- Viðvörunarboð 33
- Vinnslumáti
 - AUTO 8, 25
 - MANU 8, 27


RAUCH Streutabellen
RAUCH Fertilizer Chart
Tableaux d'épandage RAUCH
Tabele wysiewu RAUCH
RAUCH Strooitabellen
RAUCH Tabella di spargimento
RAUCH Spredetabellen
RAUCH Levitystaulukot
RAUCH Spridningstabellen
RAUCH Tablas de abonado



<http://www.rauch-community.de/streutabelle/>



RAUCH Landmaschinenfabrik GmbH

 Landstraße 14 · D-76547 Sinzheim

 Victoria-Boulevard E200 · D-77836 Rheinmünster



info@rauch.de · www.rauch.de

Phone +49 (0) 7221/985-0

Fax +49 (0) 7221/985-200